

## Viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga

Aðilar þessarar yfirlýsingar, ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga, eru sammála um að vinna skipulega að tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Stefnt er að því að tilfærslan fari fram árið 2011 en samkomulag aðila um framkvæmd hennar verði undirritað árið 2009.

Markmið tilfærslu þjónustu við fatlaða eru að:

- Bæta þjónustu og auka möguleika til að laga hana að þörfum notenda með hliðsjón af ólíkum aðstæðum.
- Tryggja að eitt stjórnsýslustig beri ábyrgð á stærstum hluta almennrar félagsþjónustu, bæta samhæfingu og draga úr skörun ábyrgðarsviða stjórnsýslustiga.
- Stuðla að samþættingu nærþjónustu við íbúa sveitarfélaga.
- Styrkja sveitarstjórnarstigið.
- Einfalda verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Verkefnið felur í sér tilfærslu allrar almennrar þjónustu við fatlaða til sveitarfélaga. Jafnframt færast fjármögnun þjónustu til sveitarfélaga, óháð því hvort hún er veitt af sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum aðilum. Yfirlit yfir þá þætti sem ætlunin er að færa til sveitarfélaga er að finna í viðauka 1.

Tilfærslunni er stjórnað sameiginlega af ríki og sveitarfélögum sem hér segir:

- Undirbúningi og framkvæmd tilfærslu verkefna er stjórnað af verkefnisstjórn skipaðri fulltrúum ríkis og sveitarfélaga. Verkefnisstjórnin getur falið starfshópum einstök verkefni.
- Öll verkefni sem fela í sér breytingar á verkaskiptingu á sviði velferðarmála, þ.m.t. þjónustusamningar við sveitarfélög, skulu lögð fyrir verkefnisstjórn áður en ákvarðanir eru teknar.
- Verkefnisstjórn skal hafa náð samráð við þá aðila sem tilfærslan varðar, þ.e. sveitarfélög, veitendur þjónustu, starfsmenn og hagsmunasamtök.

Forsendur tilfærslunnar er að öðru leyti að finna í viðauka 2.

Handwritten signatures and initials, including the name 'HAGJ' and the number '243'.


Stefnt er að því að tímasetningar verkefnisins verði sem hér segir:

- 2009:
- Samkomulag ríkis og sveitarfélaga staðfest, þ.m.t. um kostnaðarmat og fjármögnun vegna þeirrar þjónustu sem færist til sveitarfélaga.
  - Kynning og samráð við sveitarfélög og hagsmunaaðila.
  - Unnið að framkvæmdaáætlun fyrir verkefnið ásamt tilheyrandi lagafrumvörpum.
  - Lagafrumvörp afgreidd.
- 2010:
- Þjónustusvæði skilgreind.
  - Sveitarfélög hefja nauðsynlegan undirbúning.
- 2011:
- Þjónusta við fatlaða flutt til sveitarfélaganna.
- 2014
- Mat á faglegum árangri og fjárhagslegum áhrifum tilfærslu, þ.m.t. hvort fjárhagslegar forsendur hennar hafi staðist, og endurmat tekjutilflutnings í samræmi við þær niðurstöður.


Til greina kemur að einstök sveitarfélög eða þjónustusvæði taki við ábyrgð verkefna fyrr en tímaáætlun gerir ráð fyrir.

Viljayfirlýsing þessi gildir þar til annað er ákveðið. Telji annar hvor aðili ástæðu til skal yfirlýsingin tekin til endurskoðunar.


Reykjavík, 13. mars 2009




Kristján Möller, samgönguráðherra




Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga



Ásta R. Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra



Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga



Steingrímur J. Sigfússon,  
fjármálaráðherra

*Viðauki 1.*

**Ríki og sveitarfélög eru sammála um að eftirtaldir þættir þjónustu við fatlaða verði færðir til sveitarfélaga:**

1. Sambýli.
2. Áfangastaðir.
3. Frekari liðveisla í þjónustu- og íbúðakjörnum.
4. Frekari liðveisla í sjálfstæðri búsetu.
5. Dagþjónusta sem ekki fellur undir vinnumál.
6. Heimili fyrir börn.
7. Skammtímvistun barna.
8. Stuðningsfjölskyldur.
9. Ráðgjöf og önnur stuðningsþjónusta við fatlaða og fjölskyldur þeirra.

S.S.

APK' 2013  
U

## Viðauki 2.

### Ríki og sveitarfélög eru sammála um eftirtaldar forsendur verkefnatilfærslu:

#### Sjálfstæði sveitarfélaga

1. Sveitarfélög hafa ríkt sjálfræði um framkvæmd þjónustu. Í lögum verður fyrst og fremst kveðið á um skyldu sveitarfélaga til að veita viðeigandi þjónustu sem byggir á faglegu mati á þörfum einstaklingsins. Nýttir verða þjónustustaðlar sem þróaðir verða í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila.
2. Sveitarfélög munu vinna að því að bæta þjónustu við notendur með samþættingu félagsþjónustu og endurmótun hennar, þannig að hún falli sem best að aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.
3. Stjórnsýslulegt eftirlit og kærumöguleikar verða í sama farvegi og nú gildir um félagsþjónustu sveitarfélaga. Faglegt eftirlit og gæðaeftirlit byggir á innra eftirliti sveitarfélaga.
4. Haft verður samráð við sveitarfélög ef fyrirhugaðar eru breytingar á stefnu ríkisins í málefnum sem snerta þjónustu sveitarfélaga við fatlaða.

#### Þjónustusvæði

5. Þjónustusvæði verða mynduð um rekstur þjónustu og er miðað við að þau hafi að lágmarki um átta þúsund íbúa. Ráðherra getur þó í undantekningartilfellum veitt undanþágu frá þessu viðmiði á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita alhliða þjónustu.
6. Þjónustusvæði mótast með samkomulagi sveitarfélaga en ríkið getur tekið ákvarðanir um mörk þeirra náist ekki samkomulag. Þjónusta innan svæðisins getur verið veitt af einstökum sveitarfélögum, byggðasamlagi eða með öðru formlegu samstarfi sveitarfélaga.

#### Fjármál

7. Kostnaðarmat nær til allra þjónustubátta sem sveitarfélög taka við og bera fjárhagslega ábyrgð á eftir tilfærsluna. Við matið verður bæði tekið tillit til núverandi kostnaðar og kostnaðar vegna biðlista. Leitast verður við að greina alla þætti sem hafa áhrif á kostnað til lengri tíma.
8. Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á þjónustunni verður samþætt og á hendi eins aðila. Í þessu felst að fjármagn fylgir verkefnum, byggir á eigin tekjum sveitarfélaga og ekki verður um sameiginlega fjármögnun ríkis og sveitarfélaga að ræða. Einnig þarf að koma í veg fyrir að skörun þjónustukerfa stuðli að togstreitu um faglega og fjárhagslega ábyrgð.

*[Handwritten signatures and initials]*

9. Sveitarfélög bera fjárhagslega ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar, óháð því hvort hún er veitt af þeim sjálfum, byggðasamlögum sjálfseignarstofnunum, félagasamtökum eða einkaaðilum.
10. Tekjustofnar sveitarfélaga verða hækkaðir til að standa undir kostnaði við þau verkefni sem þau taka við. Endanlegar tillögur um fjármögnun verða unnar í tengslum við endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga á vegum samgönguráðuneytisins.
11. Unnið verður yfirlit um eignarhald fasteigna, sem er fjölbreytt og með ýmsum hætti eftir þjónustuþáttum og landsvæðum. Tilfærsla eignarhalds til einstakra sveitarfélaga getur falið í sér ójafnræði og því verða aðrir valkostir kannaðir. Í þessu sambandi þarf meðal annars að meta leigukostnað.

### Jöfnunaraðgerðir

12. Jöfnunaraðferðum verður beitt til að tryggja að tekjuaukning endurspegli kostnaðarmun vegna ólíks fjölda fatlaðra íbúa í sveitarfélögum og mismunandi þjónustuþarfa. Sérstakt jöfnunarkerfi fyrir þennan málaflokk mun fyrirsjáanlega flækja jöfnunarkerfið enn meira en nú er. Því verða kannaðir kostir og gallar heildarendurskoðunar á jöfnunarkerfinu í þeim tilgangi að auka skilvirkni þess og einfalda það eftir því sem kostur er.
13. Við mótun jöfnunaraðgerða verður að hafa í huga að þjónusta getur verið breytileg eftir sveitarfélögum og að núverandi skráning á fjölda og þörfum þjónustuþega er ekki nægilega samræmd. Því getur þurft nánari greiningu til að tryggja jafnræði sveitarfélaga og jöfnun á málefnalegum forsendum.

### Staða og réttindi starfsmanna

14. Gætt verður að því að tryggja réttindi þeirra starfsmanna sem skipta munu um vinnuveitanda í tengslum við tilfærsluna. Virkt samráð verður haft við stéttarfélög.

### Undirbúningur tilfærslu

15. Tilfærsla verkefna verður á grundvelli núgildandi laga um málefni fatlaðra. Stefnt verður að samþættingu löggjafar með afnámi sérlaga þegar reynsla er komin á að sveitarfélög annist alla þjónustu við fatlaða. Undirbúningur tilfærslu verður meðal annars byggður á reynslu þeirra sveitarfélaga sem þegar annast þjónustuna á grundvelli þjónustusamninga.

### Þjónustusamningar

16. Núverandi þjónustusamningar halda gildi sínu fram að tilfærslu og verða endurskoðaðir í samræmi við ákvæði þeirra. Þjónustusamningar eru hins vegar ekki framtíðarlausn á tilflutningi verkefna enda fela þeir ekki í sér samþættingu faglegrar og fjárhagslegrar ábyrgðar og draga úr sjálfstjórn sveitarfélaga.

*[Handwritten signatures and initials]*  
S.M.  
H.R.S.  
M. 243

17. Unnið verður yfirlit yfir þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og aðra sjálfstæða aðila og unnar tillögur um með hvaða hætti sveitarfélögin yfirtaka réttindi og skyldur sem þeir fela í sér. Sveitarfélög munu skoða kosti þess að hafa með sér samstarf um þróun aðferða við kaup á þjónustu og samningsgerð.

#### **Mat og endurskoðun**

18. Árið 2014 skal fara fram sameiginlegt mat á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar. Aðilar skulu áður leitast við að afmarka þá þætti sem endurskoðun á kostnaði og tekjuþörf byggir á.
19. Ef í ljós kemur, við úttekt skv. 18. lið, veruleg röskun á forsendum tilfærslunnar skulu teknar upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um nauðsynlega leiðréttingu.

SJS.  
SJS  
M 203